

Hvernig nota má umferðartalningar til að meta fjölda ferðamanna

dr. Rögnvaldur Ólafsson, Háskóla Íslands

Ferðamönnum hefur fjölgað mjög á Íslandi undanfarinn áratug. Þeir eru taldir við komuna til landsins en litlar upplýsingar eru til um hvert þeir fara og hve margir gestir eru á helstu áfangastöðum. Ferðamenn hafa verið spurðir hvert þeir hafi farið í ferð sinni. Reynslan bæði hér og erlendis sýnir þó að slík gögn eru ekki áreiðanleg vegna þess að fólk veit ekki eða man ekki hvað staðirnir heita. Við skipulag og rekstur ferðamannastaða, undirbúning innviða, t.d. bílastæða og salerna og við skipulag vega og stíga, er hinsvegar mjög gagnlegt og nauðsynlegt að vita hvert ferðamenn fara.

Í erindinu verður lýst hvernig umferðarteljarar á aðkomuleiðum að áfangastöðum ferðamanna hafa verið notaðir til þess að finna fjölda gesta. Þar sem langflestir ferðamenn á Íslandi koma akandi á áfangastaðinn er mögulegt að finna fjölda gesta með því að telja ökutæki, finna meðalfjölda í ökutæki og reikna frá því fjölda þeirra sem koma á staðinn. Til þess þarf að finna með handtalningu hlutfall milli einkabíla og rúta og meðalfjölda bæði í einkabílum og rútum.

Í verkefninu eru notaðir teljarar sem fremur einfalt er að setja upp og sem telja bíla með því að skynja breytingu á segulsviði þegar bifreið fer fram hjá. Talningarnar hafa verið bornar saman við umferðarteljara Vegagerðarinnar með góðu samræmi. Teljarar sem skilja á milli einkabíla og rúta eru fátíðir og þarf því að finna hlutfallið þar á milli með handtalningu. Meðalfjöldi fólks í farartæki þarf síðan að finna með því að telja út úr ökutækjum á áfangastað.

Meðalfjöldi fólks í einkabíl var fundinn með því að telja út úr 952 einkabílum sem komu til Skaftafells á árunum 2009 til 2013. Niðurstöður þeirrar talningar er að í einkabílum eru að meðaltali 2,6 ferðamenn. Það kemur heim og saman við talningar í umferðarkönnunum sem Vegagerðin hefur gert í tengslum við stórar framkvæmdir. Meðalfjöldi í einkabílum virðist vera sá sami alls staðar.

Meðalfjöldi farþega í rútum og hlutfall rúta af öllum farartækjum er hins vegar breytilegt milli staða og tíma og þarf því að finna hvort tveggja á hverjum áfangastað. Nú liggja fyrir niðurstöður frá níu helstu áfangastöðum ferðamanna á Suður- og Vesturlandi. Bæði meðalfjöldi farþega í rútum og hlutfall rúta af heildarfjölda farartækja er nokkuð breytilegt milli staða og til að fá áreiðanlegt mat á fjölda ferðamanna þarf að kvarða þessar stærðir fyrir hvern áfangastað.

Niðurstöður verkefnisins eru að þar sem er ein aðkomuleið má fá upplýsingar um fjölda ferðamanna með því að telja ökutæki. Þetta er frekar ódýrt og áreiðanlegt ef vandað er til kvörðunar. Þannig fást upplýsingar sem gagnast við skipulag ferðamannastaða, undirbúning innviða eins og bílastæða og salerna og skipulag vega og stíga.